

# Eystrahorn

9. tbl. 40. árgangur

Fimmtudagurinn 3.mars 2022

www.eystrahorn.is

## Hvert örstutt spor

Í tilefni af 60 ára afmæli Leikfélags Hornafjarðar er nú verið að æfa nýtt íslenskt leikrit sem ber nafnið „Hvert örstutt spor“. Stefán Sturla skrifaði handritið sem byggir á leikritinu „Silfurtunglið“ eftir Halldór Laxness. Áætluð frumsýning er þann 18. mars. Að uppsetningunni standa Leikfélag Hornafjarðar og sviðslistanemar FAS.

Æfingar hófust í janúar við afar erfiðar aðstæður í kaffiteríu Nýheima, Nýtorgi. Nú eru hins vegar æfingar hafnar í Mánagarði og er öll tæknivinna, leikmyndasmíði og önnur undirbúningsvinna unnin jöfnum höndum í menningarhluta Mánagarðs. Vonandi verður hugað sem fyrst að framtíðarhúsnæði fyrir menningu í sveitarfélaginu til lengri tíma.

Verkið fjallar um unga fólkið sem dreymir um frægð og frama og er tilbúið að leggja á sig „hvað sem er“ til að ná þeim árangri. Leikritið gerist í nútímanum og er með söngvum og

dassi af samfélagsrýni, Twitter- og Instagram færslum og skemmtilegum hversdagsuppákomum.

Listrænir stjórnendur eru Stefán Sturla leikstjóri og höfundur, Heiðar Sigurðsson tónlistarstjóri, Lind Draumland búningar og grímur, Skrýmir Árnason kvikmyndaverkefni, Hólmsfríður Bryndís Prúðmarsdóttir dans, Tim Junge hönnun, Þorsteinn Sigurbergsson ljósa hönnun og Birna J. Magnúsdóttir förðun.



Hópur nemenda í FAS sem tekur þátt í sýningunni



Leikhópurinn vinnur nú að tæknivinnu og uppsetningu leikmynda í Mánagarði

## Æskulýðsnefnd hestamannafélagsins Hornfirðings hlýtur styrk

Búnaðarsamband A-Skaft ákvað að styrkja Æskulýðsnefnd hestamannafélagsins Hornfirðings.

Styrkurinn var tileinkaður reiðskóla barna sem hefur svo sannarlega fallið í góðan jarðveg. Það er skemmtilegt og nauðsynlegt að auka framboð á afþreyingu fyrir börn. Styrkurinn nýttist því vonandi vel.

Búnaðarsambandið styrkir einnig nemendur sem stunda búfræðinám og nám við garðyrkjuskólann á Reykjum,

Á myndinni sést Snæbjörg Guðmundsdóttur taka við styrknum úr hendi Bjarna Hauks Bjarnasonar gjaldkera Búnaðarsambandsins





**HAFNARKIRKJA**  
 Kyrrðarstundir á föstu  
 fimmtudaginn 3. mars  
 kl. 18:15  
 fimmtudaginn 17. mars  
 kl. 18:15  
 fimmtudaginn 31. mars  
 kl. 18:15  
 Sjá nánar á [www.  
 bjarnanesprestakall.is](http://www.bjarnanesprestakall.is)  
 Allir velkomnir

**FÉLAGSSTARF FÉLAGS ELDRI  
 HORNFIÐINGA  
 KÆRU FÉLAGSMENNI!**



**ÞRIGGJA KVÖLDA FÉLAGSVISTINNI** lýkur í  
 Ekru 3. mars kl 20:00. Spennandi lokakeppni,  
 hver hlýtur aðalverðlaunin?  
 Öll hefðbundin starfsemi félagsins er nú í  
 fullum gangi. Sóttvarnatakmörkum hefur  
 verið aflétt en farið samt varlega.



**Aðalfundur**

Aðalfundur Björgunarfélags Hornafjarðar  
 og Björgunarbátasjóðs Hornafjarðar verður  
 þriðjudaginn þann 15. mars kl. 20:00.  
 Fundurinn verður haldinn í húsi félagsins að  
 Álaugarvegi 9.  
 Hvetjum alla félagi til að mæta.

Notum heyrnarhlífur í háværu umhverfi

Takmörkum tíma sem við dveljum í háværu umhverfi

Notum snjallsímann til að mæla hávaðamörk

Látum mæla heyrnina reglulega

**Heyrnartap er óafturkræft!**  
 Þú færð aldrei glataða heyrn á ný

Sjá nánar:

#safelisting

Gerum hlustun örugga

**Eystrahorn**

**Styrktaraskrift**

Viltu styðja við útgáfu  
 Eystrahorns?  
 Kynntu þér málið á:

[www.eystrahorn.is/  
 styrktaraskrift/](http://www.eystrahorn.is/styrktaraskrift/)

**12 VIKNA BYRJENDANÁMSKEIÐ  
 12 WEEK RUNNING PROGRAM FOR BEGINNERS**

**Langar þig að geta hlaupið þér til ánægju og heilsubótar í sumar?**

Hlaupahópur Hornafjarðar býður upp á 12 vikna byrjendanámskeið þar sem markmiðið er að geta hlaupið 5 km í lok námskeiðs án þess að stoppa.

**Námskeiðið byrjar þriðjudaginn 8. mars.** Tímasetning kemur síðar.

ATH. Lágmark 6 þátttakendur.

**3 hlaupaæfingar á viku (þri, fim og lau)**

Þjálfari til staðar á flestum æfingum

Lokaður facebook hópur

**Verð:** 15.000 kr

**Þjálfari er Helga Árnadóttir.**

**Skráning og upplýsingar:** [hlaupahopurhornafjarðar@gmail.com](mailto:hlaupahopurhornafjarðar@gmail.com) / 888 5979



**Do you want to be able to run 5 km or more this summer?**

The Hornafjörður Running Club offers a 12 week running program for beginners where the aim is to be able to run 5 km at the end of the course.

**The program starts on March 8th** - Timing not yet planned.

NB: Minimal 6 participants.

**3 training days with coach per week**

Closed facebook group

**Price:** 15.000 ISK

**Coach and information:** Helga Árnadóttir

[hlaupahopurhornafjarðar@gmail.com](mailto:hlaupahopurhornafjarðar@gmail.com) / 888 5979



**Eystrahorn**

Svalbarð 5 • Sími: 848-3933

Útgefandi:..... HLS ehf.

Ritstjóri og

ábyrgðarmaður: Tjörvi Óskarsson

Netfang: .....tjorvi@eystrahorn.is

Prófarkalestur:.... Guðlaug Hestnes

Umbrot: ..... Tjörvi Óskarsson

Prentun: ..... Litlaprent

ISSN 1670-4126



# Sveitarfélagið Hornafjörður og Vatnajökulsþjóðgarður í samstarf um framtíðarsýn í húsnæðsmálum á Höfn



Matthildur og Magnús Guðmundsson, framkvæmdastjóri Vatnajökulsþjóðgarðs ásamt Ásgerði Gylfadóttur og Auði H. Ingólfssdóttur

Matthildur Ásmundardóttir, bæjarstjóri og Magnús Guðmundsson, framkvæmdastjóri Vatnajökulsþjóðgarðs skrifuðu undir viljayfirlýsingu á stjórnarfundinum sem var haldinn í Hoffelli þriðjudaginn 22. febrúar s.l. Markmið samstarfsyfirlýsingarinnar

er að vinna hugmyndavinnu sem miðar að því að bæta skrifstofuaðstöðu hjá starfsfólki þjóðgarðsins á Höfn og að skoðaðir verði möguleikar á því að setja upp gestastofu með áherslu á jöklasýningu í samstarfi beggja aðila og mögulega með aðkomu fjárfesta. Í dag leigir þjóðgarðurinn Gömlubúð og rennur samningurinn út í mars 2023. Húsnæðið hentar illa sem skrifstofuhúsnæði undir starfsfólki Vatnajökulsþjóðgarðs og sýningin í gestastofunni þarfnast endurnýjunar. Starfsmönnum hefur fjölgað jafnt og þétt á Höfn og eru nú 6 starfsmenn með aðstöðu í Gömlubúð og í Nýheimum en í þarfagreiningu þjóðgarðsins kemur fram að væntingar eru um að starfsmannaföldin geti farið upp í allt að 10 á næstu árum.

Sveitarfélagið og Vatnajökulsþjóðgarður hafa átt í góðu samstarfi undanfarin ár og nú síðast kom þjóðgarðurinn að breytingum á húsnæði á Hrollaugsstöðum með fjárframlagið að upphæð 43 m.kr. í formi fyrirframgreiddrar leigu fyrir starfsmannaíbúðir. Með samstarfsyfirlýsingu eru báðir aðilar að lýsa jákvæðri framtíðarsýn um uppbyggingu þjóðgarðsins í sveitarfélaginu sem leiðir vonandi til þess að metnaðarfull jöklasýning verði sett upp á Höfn og tækifæri fyrir fleiri stofnanir á vegum ríkisins að setja upp skrifstofuaðstöðu.

Matthildur Ásmundardóttir,  
bæjarstjóri



HEILBRIGÐISSTOFNUN  
SUÐURLANDS

## Móttökuritari – sumarafleysing

Laust er til umsóknar starf móttökuritara frá 7.júní til 16. júlí n.k á Heilbrigðisstofnun Suðurlands Hornafirði.

### Helstu verkefni og ábyrgð:

Móttaka, afgreiðsla og samskipti við skjólstæðinga. Símsvörun, ýmiss konar umsýsla og skráning gagna auk samskipta við aðrar deildir HSU.

### Hæfnikröfur:

Stúdentspróf eða sambærileg menntun æskilegt. Starfið krefst hæfni og lipurðar í samskiptum, trúmennsku og nákvæmni í vinnubrögðum. Viðkomandi þarf að hafa góð tök á vinnu við tölvur. Viðkomandi þarf að hafa gott vald á íslensku máli og þarf að geta átt góð tjáskipti á ensku.

Laun samkvæmt gildandi kjarasamningi sem fjármála- og efnahagsráðherra og Félag opinberra starfsmanna á Suðurlandi hafa gert.

Um er að ræða dagvinnu, 100% starfshlutfall. Sækja skal um stöðuna á [www.hsu.is](http://www.hsu.is) undir laus störf. Náms- og starfsferilskrá fylgi umsókn.

Upplýsingar um starfið veitir Ester Þorvaldsdóttir  
Hjúkrunarstjóri sími 432-2900

## Styrktaráskrift Eystrahorns

Eystrahorn hefur verið gefið út frá því 1983 og hefur verið sent á hvert heimili í sveitarfélaginu, íbúum að kostnaðarlausu, undanfarin ár. Flestir eru sammála um að útgáfa sem þessi er mikilvægur þáttur í samfélaginu okkar. Útgáfan stendur oft mjög tæpt og gæti ekki staðið undir sér nema fyrir framlag fyrirtækja, stofnanna og einstaklinga á svæðinu. Við óskum því eftir því að Hornfirðingar styrki útgáfu blaðsins t.d. með mánaðarlegu framlagi. Nýtt kerfi hefur verið sett upp á heimasíðu Eystrahorns þar sem hægt er að styrkja blaðið með auðveldum hætti með mánaðarlegum greiðslum. Hægt er að segja upp áskriftinni hvenær sem er. Þökkum þeim sem nú þegar styðja við útgáfuna.

### 1 Farðu inn á heimasíðu Eystrahorns



[www.eystrahorn.is/styrktaraskrift](http://www.eystrahorn.is/styrktaraskrift)

### 2 Veldu mánaðarlega upphæð



### 3 Skráðu inn kortanúmer í öruggt áskriftarkerfi

Þitt framlag styrkir útgáfu blaðsins, kærar þakkir

✉ [eystrahorn@eystrahorn.is](mailto:eystrahorn@eystrahorn.is)

🌐 [www.eystrahorn.is](http://www.eystrahorn.is)

☎ sími: 848-3933



# Stofnfundur KEX

Miðvikudaginn 23. febrúar fór stofnfundur framboðsins Kex fram í Nýheimum. Fundurinn var vel sóttur, en um 40 manns voru samankomin í raun- og netheimum. Lög Kex voru kynnt og samþykkt sem og stjórn. Grunnildi félagsins voru kynnt og eru eftirfarandi:

## Jafnrétti

Í öllum ákvörðunum og starfi Kexins skal jafnrétti vera í forgrunni. Við leggjum áherslu á að gæta jafnréttis á öllum þeim sviðum sem snerta fólk og íbúa sveitarfélagsins, hvort sem er vegna búsetu, kyns, uppruna eða nokkurs annars.

Tryggja þarf að ákvarðanir sveitarfélagsins séu teknar með hagsmuni heildarinnar að leiðarljósi. Enginn einn hópur er réttþærri öðrum og það er ein af okkar megin áherslum að tryggja að hér sé komið fram við alla af virðingu og heilindum.

## Umhverfi

Sveitarfélagið Hornafjörður á að vera framsækið og leiðandi afl í umhverfismálum, íbúum og fyrirtækjum til fyrirmyndar. Umhverfismál eiga að vera hluti af fjárhagsáætlunargerð og með því fá aukið vægi í allri stjórnsýslu. Hamfarahlýnun er ein stærsta áskorun nútímasamfélags og sveitarfélagið þarf að taka mið af því. Heilbriggt umhverfi, náttúra og loftslag er forsenda fyrir því að sveitarfélagið geti haldið áfram að vaxa og dafna.

## Menning

Við viljum halda áfram að tryggja og styðja við öflugt menningarstarf í sveitarfélaginu. Menningarmiðstöð Hornafjarðar á að vera leiðandi afl í menningarlífi sveitarfélagsins. Hún á að vera drifandi í því að leiða saman fyrirtæki og einstaklinga sem vilja koma á menningarviðburðum ásamt því að styðja við þá listamenn sem hér búa og



munu búa í framtíðinni.

## Sýnileg stjórnsýsla

Allar ákvarðanir sem teknar eru í stjórnsýslunni eiga að vera í þágu íbúa sveitarfélagsins og því er grundvallaratriði að þær séu greinilegar, gagnsæjar og yfir allan vafa hafnar. Með því að hafa stjórnsýsluna aðgengilegri og sýnilegri fær bæjarstjórn meira og betra aðhald og á sama tíma munu íbúar geta betur fylgst með þróun sveitarfélagsins. Íbúar eiga rétt á því að fá aðgengilegar upplýsingar um þær ákvarðanir sem teknar eru fyrir þá.

## Skýr framtíðarsýn

Við teljum nauðsynlegt að ákvarðanir sveitarfélagsins séu hugsaðar til lengri tíma en nú er gert. Ákvarðanir um nýtt skipulag, byggingafrankvæmdir og aðra uppbyggingu sveitarfélagsins þurfa að vera sniðnar að því að þær geti þróast í framtíðinni. Gera þarf ráð fyrir því að það muni stækka, jafnvel samkvæmt bjartsýnustu spám. Húsnæði á vegum sveitarfélagsins í framtíðinni þarf að geta tekið breytingum, stækkað og aðlagast án þess að farið sé í nýjar frankvæmdir frá grunni.

Stjórn Kex var sjálfkjörin, formaður stjórnar er *Eliás Tjörvi Halldórsson*, önnur í stjórn eru í stafrófsröð *Anna Ragnarsdóttir Pedersen*, *Helga Árnadóttir*, *Hrafnhildur Ævarsdóttir*,

*Róslín Alma Valdemarsdóttir*, *Sigríður Þórunn Þorvarðardóttir*, *Skúli Ingibergur Þórarinnsson* og *Þorgrímur Tjörvi Halldórsson*.

Stofnfundi var slitið og fólk færði sig fram á Nýtorg til að ræða málin yfir kaffi og kexi. Því miður urðu þau mistök á að slökkt var á fundinum á netinu, en nokkrir náðu að koma aftur inn. Óformlegar umræður eftir fundinn voru bæði gagnlegar og ánægjulegar.

Nú leggjum við af stað í málefnavinnu og undirbúning kosninga og viljum endilega fá ykkur sem flest að borðinu með okkur. Fyrsti málefnafundur af fimm verður 2. mars og verður hann rafrænn til þess að flestir íbúar sveitarfélagsins hafi tök á að mæta.

Íbúar sveitarfélagsins eru gríðarlega fjölbreyttir og við viljum fá ykkar sjónarmið, þekkingu og reynslu til liðs við okkur svo að við getum raunverulega starfað í ykkar þágu. Rafrænnir fundir verða haldnir á næstu dögum og vikum þar sem hver fundur verður tileinkaður ákveðnum málefnum. Þar geta allir tekið þátt og komið sínum hugmyndum á framfæri. Í kjölfarið verður stefna framboðsins kynnt.

Við viljum hvetja ykkur öll til að hafa samband, hvort sem er til að taka þátt, koma með ábendingar eða spurningar í gegnum tölvupóst [kexframboð@gmail.com](mailto:kexframboð@gmail.com).

## FUNDUR

Framsóknarfélag Austur-Skaftafellssýslu heldur opinn fund í Papóshúsinu laugardaginn  
5. mars 2022 kl 11:00.

### Fundarefni:

- Flokksþing 21. mars 2022
- Bæjarstjórnarkosningar
- Önnur mál

Framsóknarfélag Austur-  
Skaftafellssýslu



## BÆJARMÁLAFUNDUR

Sjálfstæðisfélag A-Skaft verður með bæjarmálafund á laugardaginn 5. mars kl. 10:30 í Sjallanum, Kirkjubraut 3.

Fundarefni: Framboðsmál vegna sveitarstjórnar kosninga og önnur mál.

Allir velkomnir meðan húsrúm leyfir.

Stjórnin

D

**Mars 2022**

# Það veltur margt á íslenskum sjávarútvegi

## Opnir fundir víða um land

Íslenskur sjávarútvegur snýst um svo miklu meira en veiðar, vinnslu og sölu á afurðum og hefur fjölbreytt starfsemi í tengdum og ótengdum greinum vaxið mikið. Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi standa fyrir fyrirlestraröð þar sem málefni greinarinnar eru rædd á breiðum grundvelli.

### Grindavík, 7. mars

kl. 8:30–9:30

Salthúsið, boðið verður upp á léttan morgunverð.

#### Fyrirlesarar

- / **Heiðrún Lind Marteinsdóttir**  
framkvæmdastjóri SFS
- / **Hildur Hauksdóttir**  
sérfræðingur í umhverfismálum
- / **Erla Ósk Pétursdóttir**  
framkvæmdastjóri hjá Marine Collagen

### Vestmannaeyjar, 7. mars

kl. 16:00–17:00

Þekkingarsetur Vestmannaeyja, kaffiveitingar.

#### Fyrirlesarar

- / **Heiðrún Lind Marteinsdóttir**  
framkvæmdastjóri SFS
- / **Hildur Hauksdóttir**  
sérfræðingur í umhverfismálum
- / **Alfreð Halldórsson**  
framkvæmdastjóri Renniverkstæðisins Háin

### Höfn í Hornafirði, 8. mars

kl. 8:30–9:30

Nýheimar, boðið verður upp á léttan morgunverð.

#### Fyrirlesarar

- / **Heiðrún Lind Marteinsdóttir**  
framkvæmdastjóri SFS
- / **Hildur Hauksdóttir**  
sérfræðingur í umhverfismálum
- / **Matthildur Ásmundardóttir**  
bæjarstjóri

### Eskifjörður, 8. mars

kl. 16:00–17:00

Randulffssjöhús, kaffiveitingar.

#### Fyrirlesarar

- / **Heiðrún Lind Marteinsdóttir**  
framkvæmdastjóri SFS
- / **Hildur Hauksdóttir**  
sérfræðingur í umhverfismálum
- / **Stefán Ingvarsson**  
framkvæmdastjóri Egersunds



Samtök fyrirtækja  
í sjávarútvegi



# Skráning og varðveisla minja frá Kvískerjum

Matthildur Ásmundardóttir, bæjarstjóri undirritaði í gær samning við umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið um skráningu, flokkun og varðveislu minja frá Kvískerjum.

Menningarmiðstöð Hornafjarðar tekur að sér verkefnið, sem umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið mun styðja með 12 milljóna króna framlagi. Verkefnið verður unnið í nánú samstarfi við landeigendur Kvískerja.

Fyrri eigendur Kvískerja, níu systkini, unnu saman að uppbyggingu jarðarinnar á 20. öld, bæði sem bújarðar og fræðaseturs. Bræðurnir, sjálfmenntaðir fræðimenn, eru þekktir fyrir fræðistörf sín og uppfinningar. Áhugasvið bræðranna var víðtækt og

spannaði jurta- og dýrafræði, jöklafræði, sagnfræði, tungumál og búfræði.

Jörðin Kvísker hefur talsvert hátt verndargildi vegna náttúrufars á svæðinu. Auk þess hefur jörðin gildi m.t.t. þeirra fræðistarfa á sviði náttúruvísinda sem þar fóru fram, auk þess sem minjagildi er mikið vegna allra þeirra minja og muna sem finna má á jörðinni og tengjast því starfi.

Kvískerjasystkinin eru nú öll látin og leituðu núverandi eigendur jarðarinnar liðsinnis stjórnvalda í því skyni að bjarga minjum sem Kvískerjasystkinin létu eftir sig á staðnum og móta stefnu um framtíð jarðarinnar. Með samningnum er tryggt að mikilvægar minjar varðveitist.



Matthildur ásamt Guðlaugi Þór Þórðarsyni umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra við undirritunina

Matthildur Ásmundardóttir,  
bæjarstjóri

Sveitarfélagið Hornafjörður færir ráðuneytinu þakkar fyrir velvilja og skilning sem verkefninu er sýndur með þessum mikilvæga fjárstyrk til verkefnisins.

## Menningarhátíð Sveitarfélagsins Hornafjarðar 11. mars kl. 17:00 í Nýheimum

Afhending styrkja, umhverfis- og menningarverðlaun Austur- Skaftafellssýslu 2022

### Dagskrá:

Matthildur Ásmundardóttir, bæjarstjóri ávarpar

### Afhending styrkja bæjarráðs

Ásgerður Gylfadóttir, formaður bæjarráðs

### Afhending styrkja úr Atvinnu- og rannsóknasjóði

Hólmfríður Bryndís Þrúðmarsdóttir, varaformaður atvinnu- og menningarmálanefndar

### Afhending styrkja atvinnu- og menningarmálanefndar

Kristján S. Guðnason, formaður atvinnu- og menningarmálanefndar

### Tónlistaratriði - Lubbarnir hita upp fyrir blúshátíð

### Afhending umhverfisviðurkenninga

Ásgrímur Ingólfsson, formaður umhverfis- og skipulagsnefndar

### Afhending styrkja fræðslu- og tómstundanevndar

Íris Heiður Jóhannsdóttir, formaður fræðslu- og tómstundanevndar

### Afhending menningarverðlauna

Kristján S. Guðnason, formaður atvinnu- og menningarmálanefndar

Veitingar í boði og allir velkomnir



# Vilt þú vinna á líflegum vinnustað?



**N1 Höfn** óskar eftir að ráða kraftmikið og þjónustulipurt starfsfólk til framtíðar - og sumarstarfa. Um er að ræða störf í almennri afgreiðslu og veitingastörf. Þjónustustöðin okkar er fjörugur vinnustaður sem iðar af mannlífi frá morgni til kvölds. Unnið á vöktum.

#### Helstu verkefni:

- Almenn afgreiðsla
- Þjónusta við viðskiptavinum
- Önnur tilfallandi verkefni á stöðinni

#### Menntun- og hæfniskröfur:

- Reglusemi og stundvísi áskilin
- Samskiptafærni og þjónustulund
- Reynsla af sambærilegu starfi er kostur

#### Fríðindi í starfi

- Aðgangur að Velferðarþjónustu N1
- Afsláttarkjör hjá N1, Krónunni og ELKO
- Styrkur til heilsueffingar
- Sumarstarfsfólk fær glaðning í lok sumars

Umsækjendur þurfa að vera liprir í samskiptum og eiga auðvelt með að vinna í hóp.

Nánari upplýsingar um starfið veitir **Gauti Árnason**, stöðvarstjóri, í síma **660 3274** eða **gautia@n1.is**

Áhugasamir sækji um á [www.n1.is](http://www.n1.is) – merkt Höfn

440 1000 n1.is



ALLA LEIÐ



# Spennandi sumarstörf



## Alcoa Fjarðaál leitar að góðu fólki til sumarafleysinga í álverinu við Reyðarfjörð.

Um er að ræða framleiðslustörf á þrískiptum átta tíma vöktum í kerskála, skautsmiðju og steypuskála Fjarðaáls. Sumarstarfsmenn þurfa að geta unnið samfellt í að minnsta kosti tvo og hálfan mánuð. Möguleiki er á áframhaldandi starfi. Umsækjendur verða að hafa náð 18 ára aldri, hafa gild ökuréttindi og hreint sakavottorð.

### Almennar hæfniskröfur

- Sterk öryggisvitund og árvekni
- Dugnaður og vilji til að takast á við krefjandi verkefni
- Heiðarleiki og stundvísi
- Lipurð í samskiptum og vilji til að vinna í teymi

Við hvetjum fólk af öllum kynjum til að sækja um. Frekari upplýsingar veitir mannauðsteymi Fjarðaáls í **470 7700** eða á **starf@alcoa.com**. Hægt er að sækja um sumarstarf hjá Fjarðaáli á **alcoa.is**. Áhugasamir eru hvattir til að sækja um sem fyrst. Umsóknir eru trúnaðarmál og verður þeim öllum svarað. **Umsóknarfrestur er til og með þriðjudeginum 15. mars.**



Fjarðaál  
alcoa.is

